

AUGLÝSING
um breytingu á bókun 9 í samningi EFTA-ríkjanna
um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 14. desember 2020 var norska utanríkisráðuneytinu afhent samþykktarskjal Íslands vegna samnings, sem gerður var í Brussel 18. nóvember 2020, um breytingu á bókun 9 í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn er upphaflega birtur.

Samningurinn tók gildi 22. desember 2020 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

SAMNINGUR

UM BREYTINGU Á BÓKUN 9 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA
UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN OG KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 49. gr.,

að höfðu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af samningnum um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningum sem gilda milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu frá 28. janúar 2020 („samningurinn um aðskilnað“),

sem veita því athygli að skv. 2. mgr. 64. gr. samningsins um aðskilnað skal eftirlit með framkvæmd og beitingu annars hluta þess samnings vera á hendi eftirlitsstofnunar EFTA sem skal hafa jafngildar heimildir og þær sem leiðir af EES-samningnum og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þetta felur í sér getu til að gera athuganir að eigin frumkvæði á meintum brotum stjórnvalda í EFTA-ríki innan EES á öðrum hluta og til að taka við kvörtunum frá breskum ríkisborgurum og aðstandendum þeirra með það að markmiði að gera slíkar athuganir. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa rétt til að fara með mál fyrir EFTA-dómstólinn samkvæmt samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól,

að teknu tilliti til þess að setja ætti ákvæði til að gera eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin með samningnum um aðskilnað,

í ljósi þessa ber að breyta bókun 9 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við bókun 9 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

„2. gr.

(Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins)

Án þess að það hafi áhrif á 5. gr. samnings þessa skal Eftirlitsstofnun EFTA hafa eftirlit með framkvæmd og beitingu í EFTA-ríkjunum á öðrum hluta samningsins um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningum sem gilda milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu („samningsins um aðskilnað“). Í þessu skyni skulu valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, sem leiðir af EES-samningnum og þessum samningi, gilda *ad breyttu breytanda*.

Eftirlitsstofnun EFTA skal árlega upplýsa sameiginlegu nefndina, sem komið er á fót skv. 65. gr. samningsins um aðskilnað, um framkvæmd og beitingu annars hluta samningsins um aðskilnað í EFTA-ríkjunum. Þessar upplýsingar skulu einkum varða ráðstafanir sem gerðar eru af EFTA-ríkjunum til að framkvæma eða til að fara að ákvæðum annars hluta og fjölda og eðli þeirra kvartana sem berast.“

2. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það. Skjöl um samþykki skulu afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.
3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem EFTA-ríkin hafa afhent til vörslu öll skjöl sín um samþykki. Hann skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem annar hluti samningsins um aðskilnað kemur til framkvæmda.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel, 18. nóvember 2020.

FYRIR HÖND ÍSLANDS
Kristján Andri Stefánsson

FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS
Sabine Monauni

FYRIR HÖND KONUNGRÍKISINS NOREGS
Rolf Einar Fife

AGREEMENT
AMENDING PROTOCOL 9 TO THE AGREEMENT BETWEEN
THE EFTA STATES ON THE ESTABLISHMENT OF A SURVEILLANCE
AUTHORITY AND A COURT OF JUSTICE

ICELAND, THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN, THE KINGDOM OF NORWAY

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, (“Surveillance and Court Agreement”), and in particular Article 49 thereof,

Having consulted the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to the Agreement on arrangements between Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland following the withdrawal of the United Kingdom from the European Union, the EEA Agreement and other agreements applicable between the United Kingdom and the EEA EFTA States by virtue of the United Kingdom’s membership of the European Union of 28 January 2020 (“Separation Agreement”),

Noting that, pursuant to Article 64(2) of the Separation Agreement, the implementation and application of Part Two of that Agreement shall be monitored by the EFTA Surveillance Authority, which shall have equivalent powers as those that follow from the EEA Agreement and the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice (“Surveillance and Court Agreement”). This includes the ability to conduct inquiries on its own initiative concerning alleged breaches of Part Two by the administrative authorities of the EEA EFTA States and to receive complaints from United Kingdom nationals and their family members for the purposes of conducting such inquiries. The EFTA Surveillance Authority shall also have the right to bring a matter before the EFTA Court pursuant to the Surveillance and Court Agreement,

Whereas, provisions should be laid down to allow the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court to exercise the tasks conferred upon them by the Separation Agreement,

Whereas, therefore, Protocol 9 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The following is added in Protocol 9 to the Surveillance and Court Agreement:

Article 2

(powers of the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court)

Without prejudice to Article 5 of this Agreement, the EFTA Surveillance Authority shall monitor the implementation and application in the EFTA States of Part Two of the Agreement on arrangements between Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland following the withdrawal of the United Kingdom from the European Union, the EEA Agreement and other agreements applicable between the United Kingdom and the EEA EFTA States by virtue of the United Kingdom’s membership of the European Union (“Separation Agreement”). For this purpose, the powers of the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court that follow from the EEA Agreement and this Agreement shall apply *mutatis mutandis*.

The EFTA Surveillance Authority shall annually inform the Joint Committee established by Article 65 of the Separation Agreement on the implementation and application of Part Two of the Separation Agreement in the EFTA States. The information provided shall, in particular, cover measures taken by the EFTA States to implement or comply with Part Two and the number and nature of complaints received.’

Article 2

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements. Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.
2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway, which shall notify all other EFTA States. The instruments of approval shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
3. This Agreement shall enter into force on the day all instruments of approval have been deposited by the EFTA States. It shall apply from the day of application of Part Two of the Separation Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 18 November 2020.

FOR ICELAND
Kristján Andri Stefánsson

FOR THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN
Sabine Monauni

FOR THE KINGDOM OF NORWAY
Rolf Einar Fife